

Akureyri, 11 maí 2018

Efni: Norðurslóðaping 17. október n.k. (*Erindi til bæjarráðs*)

Háskólinn á Akureyri hefur falið undirrituðum að kanna áhuga bæjarráðs á að efna til sameiginlegs norðurslóðapings þann 17. október n.k.

Verkefnum og ábyrgð má deila á þá lund að Háskólinn á Akureyri tekur að sér að skipuleggja og halda utan um dagskrá þingsins, og bjóða erlendum þátttakendum til bæjarins, en Akureyrabær leggur til ráðstefnusal ásamt því að bjóða til móttöku. Báðir aðilar sameinast um að kynna viðburðinn.

Í sömu viku verður Hringborð norðurslóða haldið í Reykjavík, 19. - 21. október. Gestir og þátttakendur Hringborðsins hefðu efunarlaust hug á því, margir hverjir, að gera sér ferð til Akureyrar, sé tilefni til staðar. Fyrir vikið verður leitað eftir samstarfi við skrifstofu Hringborðsins og vekja athygli á norðurslóðabænum Akureyri.

Fagleg nefnd hefur verið skipuð af rektor Háskólans á Akureyri til að hafa umsjón með dagskrá þingsins. Í nefndinni sitja 4 aðilar. Það eru Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Steingrímur Jónsson, Jón Haukur Ingimundarson og Gunnar Már Gunnarsson. Nefndin mun á næstu dögum ræða og ákvarða yfirskrift þingsins, þema og þátttakendur.

Nú þegar höfum við staðfestan áhuga á þátttöku, má þar nefna:

- Harald Steen frá Heimskautastofnun Noregs, í boði Norska Sendiráðsins á Íslandi.
- Sérfræðingar frá verkefninu „Arctic Youth and Sustainable Futures.“
- Rannsakendur frá HA.
- Framkvæmdanefnd Alþjóðlegu Norðurskautsvísindanefndarinnar, IASC (*pallborðsumræður*).

Virðingarfyllst,

Gunnar Már Gunnarsson, verkefnastjóri
Rannsóknaping Norðursins (NRF) við Háskólann á Akureyri